

Mættir: Helgi frá hverfisnefnd, Ágúst og Sara f.h. foreldra, Hafdís og Íris kennarar, Birta nemandi, Brynja f.h. starfsfólks. Helga H. deildarstjóri ritar fundargerð.

1. Eyrún renndi yfir skólaárið. Mikil veikindi hjá starfsfólki sem hefur verið erfitt og álag á alla þegar þurfti að tæma B-álmu.
2. Framkvæmdir. Hafnar við B-álmu. Nú er verið að fræsa í gólf. Farið verður í þakið á næstu dögum. Vonumst til að allt verði tilbúið 14. ágúst. Engar gistingar verða leyfðar í skólanum í sumar. Búið er að afmarka vinnusvæði og geymslugámar á lóðinni. Reiknað með að svæðinu fram á milliganginum verði lokað svo ryk fari ekki um allt hús. Eitt loftræstikerfi. Rætt um ef nemendur komast í gámana. Hver ber ábyrgð? Umferð á skólalóð tengd framkvæmd. Eyrún mun ræða þetta á skólaslitum
3. Starfsmannahald. Verið að klára ráðningar á kennurum. Einnig búið að ráða verkefnastjóra í stoðþjónustu. Á eftir að skoða stöðu stuðningsfulltrúa, skólaliða og starfsfólks í mötuneyti. Ekki vitað hvort þrír kennarar koma til baka sem hafa verið í langtímaveikindum – kemur í ljós í júní. Margir af stuðningsfulltrúum og skólaliðum vilja halda áfram. Mikil starfsmanna-velta í vetur.
4. Skólalslitin og vordagar. Stutt eftir. 29. maí er vorhátíð sem foreldrafélag skipuleggur og við tökum þátt í. Borðað verður úti. Pylsur í matinn. Hoppikastalar, andlitsmálun, o.fl. Vettvangsdagar á föstudag og mánudag. Skólaslit á þriðjudaginn sem lýkur með formlegum slitum 8.-10.b. í Glerárkirkju. Rætt um hátíðarsal fyrir skólann, þarf að ítreka við bæjaryfirvöld að við óskum eftir nýjum sal og mötuneyti.
5. Skóladagatal tilbúið. Þarf að breyta aðeins. Skólabúðir komnar inn í janúar. Stóra upplestrarkeppnin færast einnig.
6. Áherslur næsta vetur. Þær verða á Jákvæðan aga, einnig ætlum við að færa okkur inn í Google umhverfið. Þarf að vinna með umhverfisvitund, umgengni og hegðun og það að taka ábyrgð. Móðir spyr hvernig við ætlum að gera þetta? Samvinna heimila og skóla auk þess að nýta JA. Allir að hjálpast að.
7. Önnur mál.
Helgi að sitja sinn síðasta fund. Honum þakkað samstarfið. Nýir fulltrúar hverfisnefndar koma inn næsta vetur.
Foreldrarnir sitja áfram. Kosið hefur verið til tveggja ára í senn.
Rætt um fjölda nemenda og frístund. Mikil fjölgun núna og frístund að sprengja utan af sér fyrir næsta vetur.
Rætt um slysaöldur í hverfinu. Ítrekað búið að senda athugasemdir til bæjarstjórnar vegna gangbrauta sem vantar í hverfið.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.